

Minnisblað

Til: Bæjarráð Ísafjarðarbæjar
Frá: Axel Rodriguez Överby
Dags. 8. október 2020
Mnr. 2016040042



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Framlenging samnings

Samkvæmt samningi um „Akstur almenningsvagna í Ísfjarðarbæ og skólaakstur í Skutulsfirði“ er samkvæmt 12. gr. heimild til framlengingar um allt að tveimur árum ef báðir samningsaðilar óska eftir því.

12. gr.

Gildistími samnings þessa er 4. maí 2017 til 1. júní 2021. Heimild er til framlengingar um allt að tvö ár framlengingar á samningi þessum ef báðir samningsaðilar óska þess.

Greiðslur til verktaka skulu fylgja vísitölu byggingarkostnaðar (Vélabvinna, akstur, uppfylling) sem er miðast við . Vísitalan kemur á höfuðstól 1. janúar 1. apríl, 1. júlí og 1 október ár hvert, í fyrsta sinn 1. júní 2017.

Komi til framlengingar skal endurskoða greiðslur verkkaupa til verktaka með tilliti til sömu vísitölu.

Báðir aðilar geta sagt samningi þessum upp með þriggja mánaða fyrirvara enda verði fjárhagslegt tjón þá bætt að fullu. Verði ágreiningur um mat á því tjóni skal honum vísað til sáttanefndar sbr. 12. gr. samningsins.

Trausti M. Ágústsson f.h. Vestfirskra ævintýraferða óskuði eftir því 14. ágúst 2020 að samningurinn verði framlengdur í samræmi við 12. gr.

Undirritaður leggur til að samningurinn verði framlengdur um eitt ár þó heimild sé til framlengingar til allt að tveggja ára sbr. 12 gr. samnings um Akstur almenningsvagna í Ísafjarðarbæ og skólaakstur í Skutulsfirði, dags 19.01.12., það síðan endurskoðað á miðju framlengingarári með hliðsjón af vinnslu útboðsgagna.